


## Fylgi flokkanna samkvæmt könnunum Fréttablaðsins



# Lægsta mæling Miðflokks frá Klausturmáli

Fylgi Miðflokksins hefur verið á niðurleið í haust og hefur ekki mælst lægra síðan Klausturmálið var í háumáli. Ríkisstjórnarflokkarnir dala eilítið en þrjár stjórnarandstöðuflokkanna bæta við sig. Píratar eru vinsælastir hjá fólki á barneignaraldri.

**STJÓRN MÁL** Fylgi ríkisstjórnarflokkanna dalar um 0,4 prósent, samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú 40,4 prósent fylgi en höfðu 40,8 prósent í síðustu könnun í september.

Framsóknarflokkurinn missir rúmlega hálf prósent og mælist nú með 7,3. Sjálfstæðisflokkurinn dalar einnig lítillega og mælist með 22,9 prósent fylgi. Vinstri Græn vinna tap ríkisstjórnarinnar þó að einhverju leyti upp, eða um hálf prósent. Stendur fylgi þeirra nú í 10,2 prósentum.

Miðflokkurinn dalar um 0,8 prósent. Mælist flokkurinn nú aðeins með 6,7 prósent fylgi og hefur ekki verið lægri í könnunum síðan í mars árið 2019, eða um það leyti sem síðanefnd Alþingis var að taka Klausturmálið fyrir.

Flokkur fólksins stendur nokkurn veginn í stað með 4,7 prósent og Sósiálistar dala um hálf prósent, nú með 3,3. Gengi þetta eftir í kosningum næði hvorugur flokkurinn inn jöfnunarmanni.

Þeir þrjú flokkar sem hafa verið nokkuð samstíga í stjórnarandstöðu, Samfylking, Viðreisn og Píratar, bæta við sig í heildina. Höfðu 41,1 prósent í september en 42,8 nú. Píratar mælast nú næst stærsti flokkurinn með 17 prósent, bæta við sig rúmum 3 prósentustigum. Samfylking dalar um 1,6 og mælist með 15,6 prósent. Fylgi Viðreisnar eykst lítillega og stendur nú í 10,2 prósentum.

Í yngsta aldurshópnum, 18 til 24 ára, mælist Sjálfstæðisflokkurinn stærstur með 32 prósent fylgi. Samfylking og Vinstri græn eru einnig vinsæl meðal yngstu kjósendanna, með 19 prósent hvor. Enginn svarenda í þeim aldurshópi

Ég verð ekki með í næstu kosningum en það er eðli Pírata að leita eftir frjálslindum og framsýnum flokkum til samstarfs.

Smári McCarthy, þingmaður Pírata



sagðist vilja kjósa Framsóknarflokk, Miðflokk, Flokk fólksins eða Sósiálista.

Píratar mælast stærsti flokkur landsins í tveimur aldurshópnum, það er 25 til 34 ára og 35 til 44 ára. Framsóknarflokkur, Miðflokkur og Sósiálistaflokkur sækja hins vegar mest fylgi til fólks á miðjum aldri, 45 til 54 ára.

„Við höfum mælt fyrir mála-miðlunum, til dæmis í fæðingar-orlofsmálinu, og verið á varðbergi gagnvart óhöflegum inngrípum í að fólk fái að velja eigin leiðir,“ segir Smári McCarthy þingmaður Pírata, aðspurður um hvers vegna flokkurinn sé að ná til fólks á barn- eignaraldri. Þungt sé yfir í efnahagslífinu og Píratar hafi beitt sér fyrir að stuðningur hins opinbera fari ekki í ofþröngan farveg.

Smári vill ekki nefna neina ákveðna flokka sem Píratar kynnu að mynda ríkisstjórn með, yrði það möguleiki næsta haust. „Ég verð ekki með í næstu kosningum en það er eðli Pírata að leita eftir frjálslindum og framsýnum flokkum til samstarfs,“ segir hann.

Könnunin var send á könnun- hóp Zenter rannsókna og svartími var frá 11. til 19. desember. Í hópnum voru 2.500 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Svarhlutfall var 52,8 prósent. – khg



„Það var mjög gott að fá þau hingað og fyrir þau að sjá þetta með eigin augum,“ segir Björt Sigfinnsdóttir, íbúi á Seyðisfirði, um heimsókn ráðherra í gær sem kynntu sér aðstæður eftir skriðuföllin. Björt, sem sést hér faðma forsætisráðherra, upplifði mikinn ótta þegar skriða féll rétt við hús foreldra hennar. Inni í húsinu voru bræður hennar og faðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ  
Meira á  
frettabladid.is

**KRONAN**

Ekkiert ves í des

HJÁLP! Það er Þorláks- messa og ég veit ekki hvað ég á að gefa pabba!

Engar áhyggjur, við hjálpum þér!

NEYDAR  
PAKKATAKKINN!

OPÍÐ TIL KL. 23



Júlían J. K. Jóhannsson, íþróttamaður ársins 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Landsliðskonur margar á lista

**ÍÞRÓTTIR** Þrjú sem áður hafa verið útnefnd Íþróttamenn ársins, eru meðal tíu efstu í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2020. Verðlaunin verða veitt 29. desember Þá verður kynnt val á þjálfara ársins ásamt liði ársins. Kvinnalandsliðið í knattspyrnu á flesta fulltrúa eða þrjá talsins.

Gylfi Þór Sigurðsson, leikmaður Everton, Sara Björk Gunnarsdóttir, leikmaður Lyon, og Aron Pálmarsson hjá Barcelona, hafa áður verið kjörin. Önnur tilnefnd eru knattspyrnukonurnar Glódís Perla Viggósdóttir hjá Rosengård og Ingi-björg Sigurðardóttir hjá Vålerenga, körfuboltamennirnir Martin Hermannsson hjá Valencia og Tryggvi Snær Hlinason hjá Zaragoza, sundkappinn Anton Sveinn McKee hjá Toronto Titans, handboltamaðurinn Bjarki Már Elísson hjá Lemgo og frjálsíþróttakappinn Guðni Valur Guðnason úr ÍR.

Nánar má lesa um málið á vef Fréttablaðsins, [frettabladid.is](http://frettabladid.is). – kpt

## Ilmur af Þorláksmessu



Um 30 prósent landsmanna leggja sér skötu til munns í dag samkvæmt könnun MMR sem birt var í gær. Einn þeirra var í fiskubúðinni Hafbergi í gær. Hlutfall þeirra sem snæða skötu lækkar um sjö prósentustig milli ára. Kannski er ástæðan fjöldatakmörkanir fremur en undarlegt bragð. Hlutfallið mældist 35 til 38 prósent árin 2014 til 2019. Alls hefur hlutfall þeirra sem segjast ætla í skötu lækkað um 12 prósentustig frá 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Dómsmálaráðgjafi og fjármálaráðgjafi á Seyðisfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Varað við aurflóðahættu fyrir ári

**SEYÐISFJÖRÐUR** Úlfar Trausti Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi á Seyðisfirði, varaði við því í fyrra að aurflóð gætu fallið á bæinn.

Lagði Úlfar til að boruð yrðu göng inn í Botnabrún til að ræsa út vatn sem ella safnaðist fyrir í stórríngingum og gæti orsakað flóð.

„Þetta er eins konar drenun á massa til að hægja á honum eins hægt er,“ lýsti Úlfar aðferðinni í Fréttablaðinu 3. desember í fyrra. Komið hefðu miklar ríngingar

og aurskriður verið í ám og lækjum. „Þetta er beint fyrir ofan byggðina og það þarf að gera eitthvað til að hægja á þessu.“

Sagði Úlfar að fulltrúi frá Veðurstofunni hefði komið um haustið og sagt á íbúafundi að ástandið væri hættulegt. Aðspurður taldi hann kostnað við fyrrnefndar aðgerðir geta verið 800 til 1.500 milljónir króna. Síðan þá hefur eftirlit verið aukid með hættunni, en engin áætlun er um framkvæmdir. – gar

# Alþingiskona keypti flugstöð af kirkjunni

Húsið, sem reist var sem flugstöð í Önundarfirði, verður nú að hesthúsi eftir að þingkona og maður hennar keyptu það. Skömmu eftir að flugstöðin var byggð var völlurinn aflagður og keypti þá Þjóðkirkjan hana undir geymslu.

**VESTFIRDÍR** Þingkonan Halla Signý Kristjánsdóttir og eiginmaður hennar Sigurður G. Sverrisson, keyptu nýlega flugstöð af Þjóðkirkjunni. Halla og Sigurður leigja jörðina Holt í Önundarfirði af kirkjunni og hyggjast þau breyta flugstöðinni, sem stendur á jörðinni, í hesthús.

Áður en Vestfjarðagöngin undir Botnsheiði og Breiðadalsheiði voru opnuð árið 1996 var áætlunarflug til og frá Flateyri í Önundarfirði á litlum flugvelli í Holti. Flugvöllurinn var aflagður en flugstöðin var þá mjög nýleg, byggð árið 1994. Hálf flugbrautin stóð inni á kirkjujörðinni að Holti sem og flugstöðin, sem prestseturssjóður ákvað að kaupa í kringum aldamótin.

„Við gerðum tilboð í flugstöðina um daginn sem var samþykkt,“ segir Halla, en þau hjónin hafa leigt íbúðarhúsið að Holti af kirkjunni í rúmlega eitt ár. Það er um það bil sá tími sem kirkjan hefur verið með flugstöðina á sölu, en með kvöð um að rífa eða flytja húsið af jörðinni. Halla segir að kvöðin sé enn þá í gildi. „Þegar við förum þurfum við að taka húsið niður,“ segir hún.

Ástæðan fyrir þessari kvöð er sú að Þjóðkirkjan vill ekki fá fleiri leigjendur á jörðina eða skipta henni frekar upp. Samkvæmt kirkjunni er kaupverðið trúnaðarmál, fasteignamatíð er hins vegar tæpar 3 milljónir króna.

„Maðurinn minn er með hesta og það stendur til að breyta húsinu í hesthús,“ segir Halla, sem setið hefur á þingi fyrir Framsóknarflokkinn síðan árið 2017. Hún var bóndi, hefur verið búsett fyrir vestan alla sína ævi og er dyggur málsvári landsbyggðarinnar. „Við erum sjálf ekki með búskap núna, aðeins



Flugbrautin að Holti í Önundarfirði er nú uppgróin en timburhúsið sem áður hýsti flugafgreiðsluna er í þokkalegu ásigkomulagi. MYND/AÐSEND

Maðurinn minn er með hesta og það stendur til að breyta húsinu í hesthús.

Halla Signý Kristjánsdóttir þingkona



nokkra hobbi-hesta,“ segir hún.

Flugstöðin er 80 fermetra álklett timburhús með steypum grunn, þremur herbergjum og þremur baðherbergjum. Er hún í þokkalegu ásigkomulagi. Hefur húsið að mestu verið notað sem geymsla eða sem gistirými síðan kirkjan keypti það.

Halla telur að það verði nokkuð einfalt að innrétta húsið sem hesthús. Það þurfi þó til dæmis að setja stærri hurð á það fyrir skepnurnar. Hvað flugbrautina sjálfa varðar segir Halla að hún sé nú orðin uppgróin. Þó komi það einstaka sinnum fyrir að litlar rellur lendi á henni.

Flugbrautin að Holti var byggð árið 1963 en á þeim árum var mikill áhugi á auknum flugsamgöngum á Vestfjörðum. Auk áætlunarflugs var völlurinn töluvert notaður undir einkaflug. Árið 1991 varð flugslys þegar drapst á mótur eftir flugtök smávélar. Tókst flugmanninum að lenda vélinni á maganum í firðinum og komust hann og börn hans tvö ómeidd í land.

[kristinnhaukur@frettabladid.is](mailto:kristinnhaukur@frettabladid.is)

**HAFNARTORG**  
REYKJAVÍK

#MHOME Optical Studio MAIKAI COS  
ICE + FRIES COLLECTIONS GK  
GALLERIA H&M POP UP STORE BLUE LAGOON MICHELSEN 1909

# KRÓNAN



## OPIÐ Í DAG ÞORLÁKSMESSU

# 9-22

OPIÐ 9-20 á Hvolsvelli,  
Reyðarfirði, Vestmannaeyjum,  
Vík og Þorlákshöfn.

OPIÐ  
Á MORGUN  
9-15



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

# Gildi samþykkir ekki yfirtökutilboð Strengs í Skeljung

**VIÐSKIPTI** Gildi lífeyrissjóður, næststærsti hluthafi Skeljungs með um tíu prósentu hlut, ætlar ekki að samþykkja yfirtökutilboð sem fjárfestingafélagið Strengur – sem hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Ásgeir Jóhannesson og Sigurður Bollason fara meðal annars fyrir – hefur gert í allt útistandandi hlutafélagið.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, segir í samtali við Fréttablaðið að „aðalástæðan fyrir þeirri ákvörðun sjóðsins er sú að við teljum verðið vera of lágt.“ Yfirtökutilboðið, sem rennur út í fyrstu viku nýs árs, var sett fram 9. nóvember og hljóðaði upp á 8,315

krónur á hlut, en við lokun markaða í gær stóð gengið í 8,65 krónum.

„Við teljum,“ útskýrir Árni, „að það séu ýmis tækifæri til staðar í félaginu og það liggja fyrir tvö sjálfstæð verðmöt sem gefa til kynna að virði Skeljungs sé talsvert meira en felst í yfirtökutilboðinu.“

Árni segir að sú kynning sem Strengur hafi birt á yfirtökutilboði sínu í Skeljung „sé að mati sjóðsins ekki trúverðug og gefi ekki rétta mynd af stöðu og rekstrarhorfum félagsins. Þannig er til dæmis ekkert vikið að því hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á reksturinn á árinu.“

Í greinargerð sem þrjár óháðir

**Stjórnarmennirnir þrjár hefðu mátt koma með betra, sjálfstætt mat sitt á yfirtökutilboðinu.**

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs



stjórnarmenn Skeljungs birtu vegna yfirtökutilboðs Strengs á mánudag kom fram að stjórnin teldi nær ómögulegt að leggja sérstakt mat á það hvort vænlegt sé fyrir einstaka hluthafa að samþykkja tilboðið eða hafna því. Hver og einn hluthafi yrði að meta með sjálfstæðum hætti tilboðsverðið og eftir atvikum leita sér sérfræðiráðgjafar.

Árni gagnrýnir greinargerðina og telur að ekki sé verið að gæta nægjanlega vel að hagsmunum allra hluthafa, eins og stjórnarmönnum ber að gera.

„Stjórnin hefði mátt koma með betra, sjálfstætt mat sitt á tilboðinu

og þannig gæta að jafnræði hluthafa gagnvart upplýsingum. Svona vinnubrögð eru að okkar mati ekki til þess fallin að auka tiltrú almennings á hlutabréfamarkaði þegar gerð eru yfirtökutilboð í skráð félög.“

Spurður hvernig Gildi sjái fyrir sér framhaldið, verandi hluthafi í félagi þar sem einn fjárfestahópur kann mögulega að ráða yfir 50 prósentu hlut, segir Árni erfitt að segja fyrir um það á þessari stundu. Á meðal yfirlýstra áforma Strengs er að Skeljungur verði skráður af markaði. „Við munum klárlega leggja gegn því að félagið verði tekið af hlutabréfamarkaði.“ – hae



Aldis Schram í héraðsdómi.

## Séra Arndís Ósk ber ekki vitni

**DÖMSMÁL** Séra Arndís Ósk Hauksdóttir ber ekki vitni í meiðrðamáli Jóns Baldvins Hannibalssonar gegn dóttur sinni Aldisi Schram, RÚV og Sigmari Guðmundssyni útvarpsmanni. Var þetta úrskurðað í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Aldís vildi leiða fram séra Arndís og þrjú önnur vitni: Margréti Schram, Hildigunni Hauksdóttur og Sigríði H. Richards. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Jóns Baldvins, krafðist þess að vitnin fjögur yrðu ekki leidd fram, en dómari heimilaði þau þrjú síðastnefndu, sem öll hafa lýst meintum brotum í fjölmiðlum eða í Metoo hópi.

Vitnisburður séra Arndísar átti að tengjast ummælum Aldísar um nauðungarvistun á geðdeild. Gagnrýndi Vilhjálmur þetta í ljósi þess að hún hefði ekki orðið vitni að neinu sjálf heldur aðeins af afspurn. – khg

## Nýir menn taka við landsliðinu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands hefur ráðið Arnar Þór Viðarsson sem nýjan þjálfara A-landsliðs karla til næstu tveggja ára

Arnar er með UEFA Pro þjálfara-rettindi frá belgíska knattspyrnusambandinu og á að baki 52 A-landsleik.

Aðstodarþjálfari Arnars verður Eður Smári Guðjohnsen, en þeir Arnar og Eður störfuðu einnig saman með U21 landsliðið. – hó

# Landsvirkjun og ON takast á

ON heldur því fram að Landsnet gangi erinda Landsvirkjunar í nýrri kerfisáætlun. Áform um tengingu norðausturhluta landsins við suðvesturhluta séu á kostnað allra notenda en gagnist bara Landsvirkjun.

**ORKUMÁL** Orka náttúrunnar (ON) fullyrðir að Landsnet hyggi Landsvirkjun umfram aðra raforkuframleiðendur í fyrirhugaðri kerfisáætlun árána 2020 til 2029. Þetta kemur fram í umsögn ON um kerfisáætlunina, sem birt hefur verið á vefsíðu Orkustofnunar.

ON vísar til þess að í umsögn Orkustofnunar um samtengingu flutningskerfis suðvestur- og norðausturhluta landsins, komi fram að einn viðskiptavinur hafi itrekað beiðni sína um að auka flutningsgetu milli landshlutanna, en þar er vísað til Landsvirkjunar. Um er að ræða svæði þar sem virkjanir með meira en 1.000 megavött af uppsettu aflri eru staðsettar.


Landsvirkjun á allar virkjanirnar sem um ræðir. Takmarkanir núverandi flutningskerfis draga hins vegar úr möguleikum á afhendingu rafmagns sem nemur um 300 gígavattstundum á ári.

„Getur Landsvirkjun krafist þess að Landsnet styrki flutningskerfið, á kostnað allra notenda, svo [Landsvirkjun] geti þannig selt 300 gígavattstundir á ári, eða meira, til annarra kaupenda?“ segir ON.

Í umsögn segir ON jafnframt að verði áformin að veruleika, aukist tekjur Landsvirkjunar um 1,4 milljarða króna á ári, allt fyrir atbeina uppbyggingar flutningskerfis sem allir notendur greiða fyrir.

„Að mati ON er eðlilegt að þeir sem njóti ábatans greiði fyrir hann, ekki síst í ljósi þess að samkeppni ríkir á raforkumarkaði [...]. Gagnvart almennungi er þessi afgreiðsla óeðlileg og óásættanleg.“ segir í umsögn ON.

Landsvirkjun bregst við umsögn ON í sínu erindi til Orkustofnunar.



Orka náttúrunnar og Landsvirkjun takast á í innsendum erindum vegna kerfisáætlunar Landsnets. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir Landsvirkjun miður að umræða um kerfisáætlunina snúist um ásakanir sem þessar:

„Landsvirkjun telur eðlilegt að Orkustofnun óski frekari skýringa á ofangreindum fullyrðingum ON. Landsvirkjun vill leggja áherslu á að markmið fyrirtækisins er að selja raforku á öllu landinu [...] Eftir því sem er best vitað eru flestir raforkuframleiðendur í landinu með þá stefnu líka,“ segir í umsögn Landsvirkjunar.

Undir lok nóvember var greint frá því að Landsnet hygðist hækka gjaldskrá sína til stórnotenda á næsta ári, en sú ákvörðun mætti mikilli gagnrýni. Til að mynda sagði Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, ákvörðunina óskiljanlega. Í umsögn

**Gagnvart almennungi er þessi afgreiðsla óeðlileg og óásættanleg.**

ON um að allir notendur flutningskerfis greiði fyrir tengingu sem er sögð gagnast Landsvirkjun einni

Norðurlás um kerfisáætlun Landsnets segir að „flutningskostnað þurfi nauðsynlega að lækka til að Ísland verði ekki með öllu ósamkeppnishæft.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri ON, sagði í Fréttablaðinu í september að hækkingu flutningskostnaðs raforku myndi á endanum leiða til minni raforkukaupa. Það leiði til

þess að Landsnet þurfi að hækka gjaldskrá enn frekar.

„Þarna gæti myndast spirall sem ekki endaði vel,“ sagði Bjarni. Í umsögn sinni til Orkustofnunar bregst Landsnet við þessari gagnrýni og segir fjölda hugsanlegra raforkukaupa tilbúna, án þess að tilgreina hvaða aðilar það eru:

„Hvað varðar áhyggjur af minnkandi notkun kerfisins, þá erum við hjá Landsneti ekki eins áhyggjufull yfir því að stórnotkun fari minnkandi, en á síðustu misserum höfum við fundið fyrir miklum áhuga nýrra notenda á að tengjast flutningskerfinu. [...] Það er áhugi fyrir að staðsetja sig viðs vegar um landið og er stærð áhugasamra notenda allt frá 10 megavöttum upp í 300 megavött.“ – thg@frettabladid.is



Viðburðarík fjölskyldusaga um ólgu hernámsáranna á Seyðisfirði þegar allt breyttist og lífsháskinn vofði yfir.

**Kristín Steinsdóttir**, höfundur *Ljósu*, segir hér frá trúverðugum og skemmtilegum sögupersónum af einstakri hlýju og næmni.

POTTURINN STEFNIR Í

1000

MILLJÓNIR

26 heppnir spilarar fá  
**milljón**  
**í jólagjöf**

26  
HEPPNIR  
SPILARAR



DREGIÐ  
26  
DES.



LEIKURINN OKKAR

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)

## Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðuðu þjónustuna sem er í boði.



[www.xprent.is](http://www.xprent.is)

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | [xprent@xprent.is](mailto:xprent@xprent.is)


# PARTÝBÚÐIN

Hvernig væri að græja áramótin fyrir jóla? *Frí heimsending\**

\*ef verslað er fyrir 10.000 kr eða meira (gildir ekki um hraðsendingar)  
Faxafeni 11 108 Reykjavík S: 5340534 [www.partybudin.is](http://www.partybudin.is)

## Gefðu ömmu morð um jólin

Borgarleikhúsið



Hafðu samband í síma 568 8000 eða pantaðu gjafakort á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



Hátt í fjórða hundrað börn stunda nám í skólanum, hópur þeirra finnur fyrir einkennum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mundi ekki vikudaga vegna myglueinkenna

Foreldri drengs í þriðja bekk Fossvogsskóla segir útilokað að myglueinkenni megi rekja annað en til húsnæðis skólans. Einkennin hafa áhrif á einbeitingu og námsárangur. Reykjavíkurborg segir að búið sé að taka húsnæðið í gegn.

**REYKJAVÍK.** „Það hefur ekkert breyst. Ekki neitt,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur og móðir drengs í þriðja bekk Fossvogsskóla. „Hann fær mikið exem. Svo fær hann mikla heilaþoku, mikil þreyta, á erfitt með að læra og einbeita sér,“ segir hún. Ástandið breytist alltaf þegar hann er ekki í skólanum og tekur það hann nokkra daga að jafna sig að fullu. „Um daginn átti hann erfitt með að telja upp vikudagana, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur. Hann gat það ekki. Það var ekkert mál um helgina þegar hann var ekki búinn að vera í skólanum.“

Ráðist var í umfangsmiklar endurbætur á hluta húsnæðis Fossvogsskóla vorið 2019 eftir að upp komst um myglu. Í sumar var svo aftur ráðist í framkvæmdir á húsnæðinu eftir fund með skólaráði. Í kjölfar þeirra framkvæmda voru tekin sýni í kjölfar þrýstings foreldra og starfsfólks. Fundust þá nokkrar tegundir myglu. Í kjölfar þrýstings var ráðist í aðra sýnatöku fyrr í þessum mánuði og vinnur Náttúrufræðistofnun nú að tegundagreiningu sem gerð verður opinber á næstunni.

Foreldrar þrýggja nemenda við skólann segja þau enn finna fyrir einkennum myglu, þá hefur eitt barn hætt í skólanum í haust vegna þess. Foreldrarnir segjast vita um fleiri börn sem finni fyrir einkennum. Leitað hefur verið til umbodsmanns borgarþúa og að utanaðkomandi sérfræðingur verði foreldrum innan handar.

Sigríður segir það útilokað að einkennin megi rekja til annars en húsnæðis skólans. „Hann tekur gríðarleg stökk í námsárangri þegar hann er ekki í þessu húsnæði. Til dæmis síðasta vor þegar hann var í útistofu,“ segir hún. „Hann finnur ekki fyrir einkennum annars staðar. Hann er líka þarna í marga klukkutíma á dag.“

Hún vill að það sé leitað betur að rakaskemmdum og myglu í skólanum. „Þegar það eru svona mörg börn sem finna fyrir þessu þá hlýtur þetta að vera dreift um skólann.“

Þau tóku fyrst eftir einkennum fyrir rúmu ári. „Hann var í útistofu en veiktist alltaf þegar hann fór í heimilisfræði. Fékk ljót útbrot. Þúslin fóru að radast og við áttuðum okkur á hvað væri í gangi,“ segir Sigríður. „Þá fórum við að skrifa bréf til skólastjórnenda og Reykjavíkurborgar, þeim var sjaldan svarað. Úrræði skólastjórnenda virðast ekki vera nein. Okkur mætir bara

## Segja fullt mark tekið á athugasemdum

Leitað var eftir viðbrögðum Reykjavíkurborgar við umfjölluninni, óskað var eftir því að yfirlýsingin hér fyrir neðan yrði birt í heild sinni.

„Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs og annað starfsfólk borgarinnar sem hafa komið að málefnum Fossvogsskóla hefur ætíð hlustað á bæði foreldra og foreldraráð skólans og tekið fullt mark á þeim athugasemdum og ábendingum sem komið hafa fram. Húsnæðið hefur allt verið tekið í gegn og komið í veg fyrir rakavandamál.“

Þær aðgerðir og það verklag sem nú er fylgt varðandi endurbætur og aðbúnað í Fossvogsskóla var samþykkt á sameiginlegum fundi skólaráðs Fossvogsskóla, skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði í september og tilkynning þess efnis send til allra foreldra. Í Fossvogsskóla eru 360 nemendur og 50 starfsmenn.

Skólastjóri, í samráði við nemendaverndarráð Fossvogsskóla fjallar um málefni þeirra nemenda sem hér um ræðir. Í nemendaverndarráði situr meðal annarra skólahjúkrunarfræðingur skólans.

Á fundinum í haust sem vitnað er til í fyrirspurninni var talað um

að viðgerðavinnu í skólanum væri að ljúka en jafnframt var ákveðið að taka mælingar fyrir og eftir þríf svo hægt væri að meta ástand á rykögnum í skólanum. Það hefur verið gert.

Eftir að niðurstöður loftgæðamælinga frá Mannviti voru kynntar fyrir foreldrum og skólaráði varð umhverfis- og skipulagssvið við óskum foreldra og skólaráðs um að skipta um verkfræðistofu í byrjun 2019. Verkis sem er óháður sérfræðingur í verkefninu tók þá við rannsóknar- og greiningavinnu á byggingarhlutum skólans. Í skilaboðum Verkis til borgarinnar var lagst gegn því að tekin verði sýni í húsnæðinu til tegundagreiningar þar sem ekki væri nauðsyn á því.

Ekki var talið forsvaranlegt að fá þriðju verkfræðistofuna til þess að vinna sömu vinnu og Mannvit og Verkis höfðu þegar unnið sérstaklega í ljósi þess að öll sýni sem send eru til greiningar eru send til sama aðila, þ.e. Náttúrufræðistofnunar Íslands sem leggur fræðilegt mat á greiningu sýna jafnt fyrir alla aðila sem senda til þeirra sýni. Niðurstaða greininga sýna sem send eru til NÍ eru alltaf opinber. Verkfræðistofnunar Mannvit, Verkis og Efla nota í grunninn sömu aðferðir.“

**Um daginn átti hann erfitt með að telja upp vikudagana, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur. Hann gat það ekki. Það var ekkert mál um helgina þegar hann var ekki búinn að vera í skólanum.**

Sigríður Ólafsdóttir, móðir nemanda í Fossvogsskóla



tómlæti hjá borginni. Ég hef hringt, ég hef sent bréf, ég hef farið í fjölmörg. Enginn hjá borginni hefur haft sambandi við okkur, foreldra barnsins.“

Hún hefur þó fengið samtöl frá skólastjóra Fossvogsskóla. „Það var fimmtán mínútna samtöl. Það er

það eina sem hægt er að flokka sem eitthvert úrræði fyrir son okkar.“

Fram kom í máli sveppasérfræðings á fundi sem haldinn var með foreldrum í lok september í kjölfar sýnatöku að ef einstaklingur finni fyrir einkennum í húsnæði og hafi verið útsettur fyrir myglu áður sé mjög líklegt að það sé mygla í húsnæðinu.

Sonur Sigríðar hættir að öllum líkindum í skólanum um áramótin og fer í annan skóla.

„Við getum ekki boðið honum lengur upp á þetta. Hann þarf þá að fara frá öllum sínum vinum og verður í skóla í öðru hverfi en hann býr í. Þetta er ömurleg staða og við erum svakalega sorgmædd yfir þessu.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



7 ára ábyrgð framleiðanda  
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

# Nýr Kia Sorento. Klár í hvað sem er.



## S O R E N T O



The Power to Surprise

### Nýr Kia Sorento. Einnig fánlegur sem tvinnbíl og tengiltvinnbíl.

Við kynnum nýja kynslóð Kia Sorento. Nýr Sorento hefur fengið nýtt útlit og býr yfir fullkomnum tæknilausnum sem gera aksturinn enn þægilegri og öruggari. Sorento fæst sem dísilbíl, tvinnbíl eða tengiltvinnbíl með 55 km rafmögnuðu drægi. Dráttargeta er allt að 2.500 kg.

Það er opið í dag frá kl. 8-17 hjá Kia á Krókhálsi 13. Nýr Sorento er einnig til sýnis og reynsluaksturs hjá umboðsmönnum um allt land.

**Pantaðu reynsluakstur á [kia.is](http://kia.is) eða í síma 590 2100.**

**Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sorento verð frá:

**9.290.777 kr.**

2,2 dísil, 4WD, 8 þrepa sjálfskipting,  
7 manna, 202 hö.

 **ASKIA** · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · [askja.is](http://askja.is)  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.  
[facebook.com/kiamotorsisland](https://facebook.com/kiamotorsisland)

# Búskapurinn erfiður en þess virði

Fyrir tveimur árum hóf hinn 22 ára gamli Kristófer Orri Hlynsson sauðfjárþúskap á eyðibýli í Fljótum. Hann segist elska hverja mínútu þó að reksturinn sé erfiðari en hann hafði gert ráð fyrir. Hann hefur það ágætt með því að taka að sér störf utan búsin.

**F**rá því að ég man eftir mér hefur mig dreymt um að verða bóndi. Mér finnst frelsið sem fylgir þessu heillandi og að auki hef ég brennandi áhuga á ræktun, hvort sem það eru dýr eða eitthvað grænt," segir Kristófer Orri Hlynsson.

Kristófer er aðeins 22 ára gamall en fyrir tæpum tveimur árum flutti hann einn á eyðibýlið Syðsta-Mó í Flókadal í Fljótum til þess að standa á eigin fótum og gerast bóndi. Bærinn er um 40 kílómetra frá æskustöðvum Kristófers, bænum Melstað í Óslandshlíð í Skagafirði þar sem stórfjölskyldan býr enn. Afi hans og amma, auk foreldra og systkina. Að sögn Kristófers var afi hans mikill áhrifavaldur varðandi þá leið sem hann ákvað að feta. „Ég leit alltaf mjög upp til hans og þessara karla sem voru bændur hérna í sveitinni. Ég fékk að vera með afa í hinu og þessu sem kveikti eflaust áhuga á búskapnum.“

Frétt Fréttablaðsins fyrir síðustu júl um gjafmildi sveitunga Kristófers vakti talsverða athygli en þeir komu fótunum almennilega undir hinn unga bónda með því að gefa honum 1-2 gimbrar hver. Alls átti Kristófer tólf ær þegar hann flutti á Syðsta-Mó en hlýhug sveitunganna og ekki síður stuðningi fjölskyldu sinnar var hann fljótlega kominn með hátt í þrjú hundruð ær. „Ég er síðan búinn að fjölga upp í 350 ær á þessu ári og hugsa að ég láti þann fjölda duga í bili.“ Hann hefur í mesta lagi pláss fyrir fjögur hundruð ær á Syðsta-Mó og þarf því að huga að frekari fjárfestingum ef hann hyggst auka við sauðfjárþúskap sinn. Þá á hann 15 hross og dreymir um að koma sér upp betri aðstöðu fyrir þau.

„Ég hef alltaf stefnt á að vera meira í hestum. Ég er ekki með neina aðstöðu hérna fyrir þá eins og er og langar mikið til þess að koma mér upp almennilegu hesthúsi og tanningaradstöðu. Það er markmiðið í framtíðinni.“

Það er ærið starf að sinna búskapnum og þrátt fyrir að Kristófer elski hverja mínútu af starfinu segir hann að búskapurinn hafi tekið á.

„Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá er þetta búið að vera erfiðara en ég átti von á. Ég vissi svo sem alveg að það væri lítið upp úr þessu að hafa og að það yrði enginn ríkur af því að vera bóndi. Tekjurnar komu mér því ekki í opna skjöldu heldur frekar kostnaðurinn við búreksturinn. Það eru alls konar lúmsk útgjöld sem ég hafði vanmetið. Já, þetta er verra en ég hélt, en ég gefst ekkert upp.“

Bóndinn ungi hefur því þurft að finna fleiri leiðir til að afla sér tekna en búskapinn, að minnsta kosti á meðan hann greiðir niður þær skuldir sem óhjákvæmilega fylgja því að koma undir sig fótunum, meðal annars fjárfestingar í ýmsum tækjum og tólum. Hann hefur því tekið að sér snjómokstur í sveitinni á veturna, auk þess sem hann hjálpar öðrum bændum við rúning á vorin. „Maður myndi auðvitað vilja hafa fulla atvinnu af því að sinna búskapnum. Búreksturinn er fullt starf ef maður ætlar að gera þetta almennilega. Það er samt ekki raunhæft eins og er og því þarf ég að taka að mér önnur störf. Með því að sinna þeim hef ég það fint.“

Bærinn sem Kristófer flutti á var búinn að vera í eyði í sex ár og því var að mörgu að huga þegar hann ákvað að hefja þar búskap. „Það skipti mestu að íbúðarhúsið var í finu lagi og var vel íbúðarhæft. Það voru eldri hjón sem bjuggu hérna en þau höfðu brugðið búi mörgum



Kristófer Orri og vinur hans Stormur við fjárhús að Stóra-Mó. Þar þurfti hann að taka til hendinni enda jörðin verið í eyði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kristófer segir að búreksturinn sé erfiðari en hann hafi gert ráð fyrir. Hann segist þó líta framtíðina björtum augum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Ég í minni sparsemi er yfirleitt með saltaða rollu í tunnu og ét bara upp úr henni**

árum fyrr. Fjárhúsin voru því í verra ástandi, sérstaklega gólfín.“

Við slíkar aðstæður skiptir máli að búa í samfélagi þar sem stuðningsnetið er þétt. „Þetta er afar skemmtilegt og náð samfélag hérna. Menn standa saman og hjálpa hverjir öðrum. Ég hef aldrei orðið var við að einhver telji sig skulda einhverjum eitthvað fyrir

að rétta hjálparhönd og það er afar dýrmætt,” segir Kristófer.

Fljótlega eftir að Kristófer hóf búskap knúði ástin dýra í lífi hans þegar hann kynntist Söru Katrínu Sandholt. „Ég kannaðist aðeins við hana og fékk hana til að hjálpa mér við sauðburðinn. Svo kviknaði einhver neisti og hún bara fór eiginlega ekkert,” segir Kristófer og hlær. Sara býr á Akureyri og hafa þau verið í eins konar fjarbúð síðan. „Við höfum haft það þannig enda er ekki mikla atvinnu að hafa hérna í sveitinni. Hún hefur komið til mín um helgar og þegar hún á frí. Hún ætlar svo að flytja alfarið til mín næsta vor enda hefur hún sem betur fer gaman af búskapnum.“

Kristófer sinnir því búinu ein-samall alla virka daga vikunnar og

stundum hittir hann ekki annað fólk dögum saman. Fjarlægðin er í sveitinni er stuttar þegar vel viðrar en að vetri til getur einangrunin orðið mikil.

Hann segist oft vera spurður að því hvort hann sé ekki einmana en þeirri spurningu sé þó auðsvarað. „Maður verður ekki einmana í kringum dýrin, sérstaklega ef maður er með góðan og tryggan hund eins og Storm minn. Mér finnst gaman að vinna og leiðist því aldrei,” segir Kristófer.

Það er auðheyrt að Kristófer þykir afar vænt um ærnar sínar en hann viðurkennir að sumar séu meira í uppáhaldi en aðrar. „Sumar eru stærri persónuleikar og þá myndar maður sterkari tengsl við þær. Ég verð samt að viðurkenna að þær tólf sem ég flutti hingað með mér þegar ég hóf búskap eiga sérstakan stað í hjarta mínu. Sú sem er í mestu uppáhaldi er Golta gamla sem amma mín og afi á Miðhúsum gáfu mér fyrir átta árum,” segir Kristófer.

Eins og áður segir unni Kristófer sér best við vinnu og þegar hann er einn á bænum kveikir hann aldrei á sjónvarpi. „Ég hef þetta bara einfalt, ég vinn og síðan fer ég að sofa. Þannig liður mér best. Þegar Sara kemur til mín þá er stundum kveikt á sjónvarpinu en þá bara til að horfa á Netflix. Hún er meira fyrir það en ég en maður lætur tilleiðast.“

Hann segir einnig að matseðillinn á heimilinu taki talsverðum breytingum þegar hann er ekki einsamall í húsinu. „Ég í minni sparsemi er yfirleitt með saltaða rollu í tunnu og ét bara upp úr henni. Svo finnst mér gott að eiga heimagerð bjúgu í frysti. Ég er bara alinn upp við að éta kjöt og saltfisk og ég hugsa að það breytist seint. Þegar Sara er heima þá er samt oftan en ekki tvíréttað,” segir Kristófer og hlær.

Hann leyfir sér þó stundum pitsur og annan skyndibita þegar hann bregður sér í kaupstaðina í kring. „Mér finnst það mjög gott endrum og eins, en það er ekkert sem maður eldar heima hjá sér.“

Væntumþykja Kristófers í garð

**Maður verður ekki einmana í kringum dýrin, sérstaklega ef maður er með góðan og tryggan hund eins og Storm minn.**

heimahaganna skín í gegnum allt samtalið enda segist hann vera afar heimakær. Hann segist aldrei hafa farið til útlanda, né setið í flugvél yfir höfuð og telur sig ekki vera að missa af neinu. „Ég hef ekki verið mjög duglegur við að fara í frí enda finnst mér óþægilegt að biðja aðra um aðstoð við að líta eftir búinu. Það er helst að ég biðji systkin mín um aðstoð en þó að ég sé í burtu þá er hugurinn við búið. Ég hef aldrei fundið neina þörf til þess að fara til útlanda. Tengdaforeldrar mínar búa þó í Noregi þannig að ég reikna nú með að ég þurfi að skjótast þangað við tækifæri. Það er ekki annað hægt,” segir hann kíminn.

Þrátt fyrir að gríðarleg vinna sé fölginn í því að koma undir sig fótunum sem bóndi segist Kristófer bjartsýnn á framtíðina og að hann ætli sér stóra hluti. „Það skiptir mig afar miklu máli að sveitin sé í byggð. Ég skil samt að ungt fólk leggi ekki út í þetta enda þarf maður að vera hálfbruglaður til þess.“

Hann segist vonast til þess að afurðaverð fari hækkandi og einnig að hömlur á heimavinnslu verði rýmkaðar.

„Fjölskyldan mín hefur verið dugleg við að vinna kjöt heima til eigin neyslu. Á aðfangadag borðum við til dæmis tvíreykt hangikjöt sem afi verkar og það er heimsins besta kjöt. Ég hef mikinn áhuga á slíkri vinnslu og það væri óskandi að það verði liðkað til fyrir slíku í framtíðinni.“ bjornth@frettabladid.is



Beltone **Amaze**™

# Mætti ég biðja um hljóð?



Fátt gleður eins mikið og að fá eitthvað til baka sem maður hefur misst. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Hvernig væri að kveðja sér hljóðs og leggja við hlustir með Beltone **Amaze**™? Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

**HEYRNARSTÖÐIN**



## SKOÐUN

## Áramót síðar



Adalheiður  
Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

**S**jaldan hefur áramóta verið beðið með jafnmikilli óþreyju og nú. Fólk getur bókstaflega ekki beðið eftir að losna við árið 2020. Bærinn ilmar af von – eða jafnvel kröfu – um að faraldurinn gufi upp með þessu ómurlega ári. Þetta er alveg orðið gott.

Íslensk stjórnvöld hafa lært á faraldrinum hve verðmætt það er að stýra landi upplýstrar þjóðar. Það var mikil gæfa fyrir land og þjóð í vor þegar ráðherrar viku af sviðinu og létu þrjú þingmenn að mestu eftir að upplýsa okkur um gang faraldursins frá degi til dags. Það dugði lengi framan af. En því miður er heimikið eftir, þó almenningur virðist á einhverjum tímum hafa gefist upp á að reyna að hlusta eftir vísbendingum frá þrjú þingmenn og heilbrigðisvöldum um stöðu og horfur og lagt í stað þess traust sitt á eigin óskhyggju. Þreytan tók að síga í og forsvarsmenn fyrirtækja, hag- hafar og álitsgjafar úr ýmsum áttum fóru að kalla eftir pólitískri ábyrgð á aðgerðum.

Eftir hófstílltar væntingar í fyrstu bylgju faraldursins, komst umræða um bóluefni aftur á verulegt skrið í haust. Þá er eins og upplýsingagjöf til almennings hafi farið gjörsamlega í skráfuna. Fáir henda reiður á hvað er í vændum, hvenær við getum búist við að venjulegt fólk sem ekki tilheyrir neinum forgangshópum verði bóluset, hvenær við megum búast við því að samfélagið komist í eðlilegar skorður, hvort næsta sumar verði 2020 II.

Þetta kann auðvitað að skýrast af mörgu. Yfirlýsingagleði sem þarf að tóna niður síðar, raunverulegri óvissu um samninga, „markaðsleyfi“ og afhendingu bóluefna og að lokum óreiðu upplýsinga sem þegar hafa komið fram. Þegar upplýsingar um svona mikilvægt mál eru á reiki fara samsæriskennningar á flug, sem auka enn á óreiðuna.

Lærdómar sem stjórnmalámennt geta dregið um upplýsingagjöf til almennings á þessum skritnu tímum eru ótalmargir.

Viðir yfirlögregluþjónn hefur fúslega viðurkennt mistök og beðist afsökunar þegar honum hefur þótt þörf á. Þórólfur sóttvarnalæknir hefur verið óhræddur við að viðurkenna að hann viti ekki allt. Hann hefur heldur ekki hikað við að senda frá sér leiðréttingu hafi fyrri yfirlýsingar hans reynst rangar eða ónákvæmar. Þetta hjálpar okkur hinum að henda reiður á og treysta þeim upplýsingum sem liggja fyrir hverju sinni.

Stjórnmalafólkið gerir minna af að leiðrétta rangfærslur og skýra ónákvæmar upplýsingar. Þau veita í staðinn nýjar upplýsingar sem stangast á við þær fyrri. Þeim er auðvitað nokkur vorkunn, enda að fást við gríðarlega flókin úrlausnarefni sem þau hafa ekki nema að takmörkuðu leyti vald yfir sjálf og enn takmarkaðri reynslu.

Sýnið auðmýkt, bæði gagnvart óvissunni og mistökum sem gerð hafa verið. Það virðist alltaf koma á óvart hve vel við tókum því í raun þegar fólk, ekki síst fólk í valdastöðum, viðurkennir mistök. Fordrist svör og yfirlýsingar sem valdið geta meiri upplýsingaóreiðu og treystið okkur fyrir réttum upplýsingum, jafnvel þó erfitt verði að kyngja því að þetta annus horribilis verði annus horribilis duo.



Bærinn  
ilmar af von  
– eða jafnvel  
kröfu – um  
að faraldur-  
inn gufi upp  
með þessu  
ómurlega  
ári.

**ARIEL**

**SENSITIVE**  
heitir núna  
**PEAX**  
**SENSIBLES**

Nýjar umbúðir  
– sama góða  
varan

## Halldór



## Frá degi til dags

## Sparnaðurinn

Fram hefur komið að Ríkisútvarpið hefur þurft að grípa til sparnaðaraðgerða. Gísli Marteinn hættur með Morgun-kaffið, Lestinn hætt að bruna og nokkrir aldargamlir þættir um Hercule Poirot eru komnir í sýningu í sextugasta sinn. Er það borðleggjandi að Stöð 2 láni Miss Marple til að rannsaka málið. Eitt af auðkennum útvarpsins er klukkuslátturinn stundvíslega klukkan sjö á hverjum morgni. Sumir, sem á annað borð eru vaknaðir, gera sér það að leik að telja klukkuslög bara svona til að tékka hvort allt sé með felldu. Það er léttir að á hverjum morgni sé staðfest að niðurskurðurinn hafi ekki náð til klukkusláttarins – ekki enn í það minnsta.

## Gemlingur

Kringvarpið í Færeyjum hefur flett ofan af kjóthneyksli. Þar í landi var til sölu lambakjöt úr Skagafirði sem sagt var af nýslátruðu. Eftir að miðanum var flett af kom annar og eldri í ljós þar sem fram kom að kjötið væri úr slátrun í fyrria. Það hafði verið selt til Spánar og þaðan til Færeyja með endurmerkingum. Af þessu má ráða tvennt. Annars vegar að íslenskt lambakjöt er sigilt. Og svo hitt að augljóst er að fé býr við rýmra ferðafrelsi en fólk um þessar mundir, jafnvel fé sem búið er að slátra.

## Sókn er besta vörnin



Ágúst Bjarni  
Garðarsson  
formaður  
þéjarráðs  
Hafnarfjarðar

Árið 2020 hefur verið krefjandi í öllum skilningi þess orðs, en fréttir af bóluefni gegn COVID-19 gefa okkur tilefni til bjartsýni. Líkt og önnur sveitarfélög höfum við hjá Hafnarfjarðarbæ þurft að bregðast við þeim efnahagslegu og samfélagslegu áhrifum sem veirufaraldurinn hefur haft á fólk og samfélag. Rauði þráðurinn í allri þeirri vinnu hefur verið að lágmarka áhrifin á íbúa með því að verja þjónustuna og reksturinn.

Við höfum brugðist við áhrifum veirufaraldursins með mjög markvissum, blönduðum aðgerðum: hagræðing, hóflegri lántöku og eignasölu. Efnahagsleg áhrif veirufaraldursins eru lægri útsvarstekjur og ýms kostnaðarauki vegna samfélagslegra áhrifa faraldursins. Þar má nefna aukin útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar, auk þess sem blikur eru á lofti hvað varðar barnavernd, heimilisofbeldi og almennt aukin álag á fjölskyldur og einstaklinga.

Við höfum talað fyrir fjölskylduvænum áherslum og að létta íbúum og fyrirtækjum almennt róðurinn. Það hefur verið gert á kjörtímabilinu, m.a. með auknum systkinaafslætti og nýjum á ýmsum gjöldum, hækkun frístundastyrks, óbreyttri útsvarsprósentu og lækkun fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði úr 1,57 í 1,4. Allt heldur þetta sér í fjárhagsáætlun næsta árs. Þessar aðgerðir hafa gefið okkur betra samfélag, aukin ráðstöfunartekjur heimila og skapað fyrirtækjum traust og öruggt umhverfi. Á sama tíma erum við að skapa farveg til þess að sækja fram svo fljótt sem verða má. Blásið verður til sóknar í uppbyggingu og nema fjárheimildir til fjárfestinga samtals 4.283 milljónum króna sem er aukning um milljarð frá fyrria ári.

Þrátt fyrir að fjárhagsáætlun 2021 geri ráð fyrir tapi er lánsfjárbörð í lágmarki. Gert er ráð fyrir 1.750 milljónum króna í lántökur á árinu en að afborganir lána nemi alls 2.030 milljónum króna, eða tæplega 280 milljónum króna umfram áætlaðar lántökur. Fjárhagsáætlunin ber því vott um ábyrga fjármálastjórnun og mikinn sóknarhug; íbúum og hafnfirsku samfélagi til heilla.

Að lokum óska ég starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar og Hafnfirðingum öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.



Fjárhagsá-  
ætlunin ber  
því vott um  
ábyrga  
fjármála-  
stjórnun og  
mikinn  
sóknarhug;  
íbúum og  
hafnfirsku  
samfélagi til  
heilla.

# Afstaða Póllands gegn kynjajafnrétti



**Milosz Hodun**  
PhD  
forseti Projekt: Polska Foundation i Varsjá og varaforseti European Liberal Forum

Flokkurinn Lög og réttlæti hefur í þriggja notfært sér kosninga-sigra sína til að kljúfa pólska samfélagið. Það gerir hann með einróma andstöðu ríkisstjórnarinnar við allar tillögur þar sem minnst er á „kyn“ eða „kynjajafnrétti“. Andstöðu sinni við það sem þau kalla „kynjahugmyndafræði“. Því miður kom það engum á óvart þegar Pólland beitti neitunarvaldi sínu til að koma í veg fyrir að fjárstuðningur vegna kórónuveirunnar yrði bundinn því að ríki uppfylltu kröfur réttarríkisins, en Evrópuríkin skilja enn ekki afstöðu Póllands gegn lög-gjöf um jafnrétti kynjanna.

Frá 22. október síðastliðnum hefur pólskur almenningur mótmælt á götum úti. Það er dagurinn sem hinn pólitískt skipaði stjórn-lagadómstóll Póllands lagði nær algjört bann við þungunarroffi. Bæði ríkisstjórn Laga og réttlætis og kaþólska kirkjan hafa kallað mótmælin afsprengi „menningar dauðans“ og „kynjahugmyndafræði“, sem hafa lengi talist erki-óvinir almennings að þeirra mati.

Undir yfirskyni baráttunnar gegn þessari meintu vö hefur Lög og réttlæti meðal annars lagst í herferð gegn hinsegin fólki. Dæmi um slíka

herferð eru svokölluð „hinseginlaus svæði“ sem sveitarstjórnarfulltrúar flokksins hafa lýst yfir víða um Pólland. Þá eru mun fleiri dæmi, á borð við yfirgengilega fordómafulla hatursorðræðu í garð hinseginfólks frá valdamestu stjórnámálmönnum þjóðarinnar, eins og Andrzej Duda forseta og hinum nýkjörna menntamálaráðherra Przemyslaw Czarnek. Á meðan stunda málgögn hins opinbera, þar á meðal ríkissjónvarpið TV Poland, hræðsluáróður gegn „kynjahugmyndafræði“ með því að bendla hinseginfólk við barnagirnd.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti nýverið þriðja aðgerðapakkan um valdeflingu kvenna og kynjajafnrétti í utanríkismálum. Markmiðið er að bæta réttindi kvenna, ungra sem aldinna, og hinseginfólks um allan heim með því að „risa gegn kynbundnum venjum og staðalmyndum“. Kallað er eftir því að ESB leiði með fordæmi í gegnum kynjajafnvægi í eigin forystu, aukinni yfirsýn og nánara samstarfi við aðildarríkin á vettvangi landsmála. Jafnframt er þar markmiðið um að 85% þróunarverkefna leggi sitt af mörkum til kynjamála fyrir 2025 ítrekað. Að sögn Jutta Urpilainen, alþjóðafulltrúa framkvæmdastjórnar ESB, er þetta mikilvæga en áður vegna neikvæðra áhrifa heimsfaraldursins á jafnrétti kynjanna. Evrópusambandið verði að taka til aðgerða strax til að snúa við þeirri þróun.

Því miður sögðu pólsk yfirvöld „nei“ við skjalinu í heild, um leið og þau ráku augun í orðið



„kyn“. Ríkisstjórn Laga og réttlætis hefur stimplað kynjajafnrétti sem „útlenska hugmyndafræði“ og ákveðið að standa í vegi fyrir slíku framtaki án þess að líta til jákvæðra áhrifa aðgerðapakkans á stöðu kvenna. Ekki síst á stöðu þeirra kvenna sem minnst mega sín, þrátt fyrir að Lög og réttlæti tali sífellt fyrir vernd þeirra. Öfga-hægrisinnaðir popúlistar eru aðeins samkvæmir sjálfum sér þegar það hentar þeim og þeir hafa meiri áhuga á eigin ávinningi til skamms tíma en á langtímaávinningi fyrir pólska samfélagið.

Þá er enn meira til í þessari þrá-

kelkni. Í októbermánuði síðastliðnum stöðvuðu pólsk stjórnvöld tvö opinber skjöl Evrópusambandsins vegna þess að fulltrúar Laga og réttlætis fundu orðið „kyn“ í þeim. Í fyrra skiptið þegar Mateusz Morawiecki sá sér ekki fært að mæta á leiðtogafund ESB þann 16. október vegna COVID-19 sóttkvíar og Viktor Orbán, sem var fulltrúi Póllands í hans nafni, hafnaði því að ákvæði um kynjajafnrétti í Afríku fengi að fylgja með ályktunum fundarins. Nokkrum dögum síðar kom pólska ríkisstjórnin í veg fyrir að ályktunum Evrópusambandsráðsins um gervigreind yrði hleypt í gegn,



**Ef Varsjá heldur áfram að fylgja þessum farvegi í blindni mun hún enda, formlega eða lagalega, utan Evrópusambandsins.**

aftur á grundvelli þess að hugtakið „kynjajafnrétti“ kæmi þar fram. Pólski sendiherrann reyndi að réttlæta ákvörðunina með vísun til þess að „merking orðsins kyn sé óljós“ og að „skortur á skilgreiningu og ótvíræðum skilningi meðal aðildarríkja geti leitt til merkingarfræðilegs vanda“. Hann sannfærði ekki nokkurn mann.

Í öllum þessum tilfellum hefur afstaða pólsku ríkisstjórnarinnar gegn kynjajafnrétti aðeins notið stuðnings Ungverjalands á meðan hin 25 aðildarríkin hafa þurft að klóra sér í höfðinu. Hugmyndafræði Laga og réttlætis varpar skugga á baráttu ESB fyrir mikilvægum sameiginlegum markmiðum, ekki aðeins fyrir álfuna heldur sérstaklega fyrir fólkið í Póllandi. Ef Varsjá heldur áfram að fylgja þessum farvegi í blindni mun hún enda, formlega eða lagalega, utan Evrópusambandsins.

**DÍSA LJÓSÁLFUR**

Ævintýri með 112 litmyndum

## Tímamótaverk

Ævintýrið um Dísu ljósálf er nú fánlegt í endurbættri útgáfu með 112 litmyndum. Bókin er í stærra broti en eldri útgáfu svo litríkar myndirnar njóta sín til fulls.

# Mariella Mánadís

**spæjari rannsakar draugalega naggrísinn**

Mariella Mánadís og vinkonur hennar, þær Víola og Pála, eru allar spæjarar. Einkunnarorð Mariellu eru: Engin ráðgáta of dularfull, ekkert vandamál of flókið. En svo fara að birtast draugalegir naggrísir út um allan bæ og Spæjarastelpurnar ákveða að leysa ráðgátuna. Dagbjört Ásgeirsdóttir þýddi.

★★★★★ á **amazon**

**Frábær bók fyrir 7-12 ára krakka**

Vinkonur mínar

Mariella Mánadís

spæjari

Draugalegi naggrísinn

eftir Kate Pankhurst

# ÞETTA EINA SANNA



## Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

*Við einföldum jólin fyrir þig*



*Vegan hátíðarmatur í úrvali*



Hagkaup  
Hnetusteik

1.799 kr/pk

Hagkaup  
Villisveppasósa

979 kr/stk

Hagkaup  
Innbakuð vegan steik

1.299 kr/pk

Junkyard  
Jóna Neat - Loaf

2.799 kr/stk

Junkyard  
Gravy

1.199 kr/pk



## Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

# Meira sælkera



**SALTMINNI**  
þarf ekki að  
sjóða. Aðeins  
90 mínútur  
í ofni

**HAGKAUP**  
**Hamborgarhryggur**  
Sérvalinn úr 1. flokks hráefni

Hagkaup  
mæli  
með

Tilbúinn gljái fyrir  
hamborgarhrygg

**599** kr/stk

## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.



**HAGKAUP**  
**Fyllt hátíðarlæri**

Hagkaup  
mæli  
með

## Hagkaups fyllt hátíðarlæri

Úrbeinað lambalæri fyllt með góðgæti. 3 tegundir: Döðlur og gráðaostur - Fíkjur, engifer og kanill - Camembert



**MINNA  
SALT  
SAMA  
BRAGÐ**

**HAGKAUP**  
**Hangikjöt**  
reykt með sérstakri blöndu  
af íslensku birki

Hagkaup  
mæli  
með

Tilbúinn jafningur  
þarf aðeins að hita

**499** kr/stk

## Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

# HAGKAUP

# Atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð



**Steinar Harðarson**  
vinnuverndar-  
ráðgjafi og  
athafnastjóri

Áð missa vinnuna er mikið áfall. Það setur fjármál einstaklinga og heimila í upp-  
nám og óvissu. Það vegur einnig að sjálfsvirðingu og sjálfmynd þess sem verður fyrir þeirri döpru lífsreynslu. Þessi misseri er atvinnuleysi meira en nokkru sinni. Það ástand gæti haldist fram á næsta ár og jafnvel út það ár í versta falli. Öryggisnetið sem samfélag okkar strengir út við þessar aðstæður er atvinnuleysisbætur. Núverandi ríkisstjórn hefur einnig gripið til ýmissa annarra ráða til að bregðast við þessum ómurlægu aðstæðum, s.s. með hlutabótaleið og hækkun á tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Þá verða fullar grunnbætur, sem nú eru kr. 289.510 á mánuði, hækkadar og verða væntanlega 1. janúar 2021 kr. 307.403. Þar sem tímabil atvinnuleysisbóta er aðeins 30 mánuðir, og fyrir liggur að á næstu misserum getur farið svo að margir hafi fullnýtt rétt sinn til bóta, hefur verið bent á að lengja þurfi tímabil atvinnuleysisbóta. Flestir telja upphæð atvinnuleysisbóta undir mörkum lágmarksframfærslu og alveg ljóst að hækkadar bætur, kr. 307.403 á mánuði, duga aðeins fyrir brýnustu nauðsynjum.

Launafólk vinnur sér inn rétt til atvinnuleysisbóta með atvinnuþátttöku og til að fá full réttindi þarf að starfa 12 mánuði samfellt á innlendum vinnumarkaði. Flestum okkar þykja atvinnuleysisbætur sjálfsgöð og eðlileg réttindi, ekki ölmusa og ekki er litið á atvinnulausa sem þurfainga eða ómaga. Hvað tekur svo við þegar launafólk fellur af atvinnuleysisbótum? Jú, það er fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

## Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fyrrum tíð voru þeir sem þurftu á aðstoð hrepps eða sveitarfélags til framfærslu að halda kallaðir þurfaingar, ómaga og fleiri niðrandi nöfnum. Þeir voru lögstír í mannfélagsstiganum, neðar varð ekki komist. Og hrepps- og sveitarstjórnir beittu öllum brögðum til þess að framfærsla þessara þurfainga yrði sem ódýrust. En nú eru aðrir tímar, eða er það ekki? Í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga segir m.a. í 1. gr: Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Til að uppfylla þessa skyldu samkvæmt þessum lögum veita sveitarfélögin mánaðarlegan framfærslustyrk/fjárhagsaðstoð. Sveitarfélögin sjálf reikna út hve há þessi styrkur þarf að vera til að „tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa“. Í Reykjavík hefur borgarstjórn ákveðið að þessi upphæð sé kr. 207.709 á mánuði. Í Reykjaneshæð er upphæðin kr. 152.717. Hvernig fulltrúar í borgar- og bæjarstjórnnum komast að því að þessi fjárhagsaðstoð dugi til að uppfylla skyldur sveitarfélaga um að „tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa“ er leikmanni hulin ráðgáta. Flestir telja atvinnuleysisbætur, sem verða kr. 307.403 á mánuði, rétt duga fyrir brýnustu þörfum. Þeirra sem falla af atvinnuleysisbótum og neyðast til að lifa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga biður sárasta örbirgð, fátækt og vonleysi. Með því skera fjárhagsaðstöðina svo við nögl eru sveitarfélögin mögulega að hvetja þá sem njóta aðstoðar þeirra til að útvega sér vinnu og sjá sjálf fyrir sér og sínum. En þegar atvinnuleysi er 9-10%, og jafn vel herra, fá 9-10% landsmanna einfaldlega ekki vinnu. Það hljóta flestir að skilja. Það skapast enginn atvinna við það að hluti landsmanna þurfi að draga fram lífið í sárri fátækt.

Bæjarstjóri Reykjaneshæð hefur nýlega kallað eftir því að í ljósi aðstæðna verði tímabil atvinnuleysisbóta lengt. Það er auðvelt að taka undir það sjónarmið. Hann upplýsti jafnframt að fjárhagsaðstoð Reykjaneshæð væri aðeins 152.717 á mánuði, helmingi lægri en atvinnuleysisbætur. Hann hafði greinilega fullan skilning á því að þessar bætur dygðu ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. En hann sagði ekki frá því að það er bæjarstjórn Reykjaneshæðar sem ákveður upphæð fjárhagsaðstöðar, enginn annar! Það hefur einnig verið upplýst að þeim fjölga mjög sem sækja aðstoð Fölskylduhjálparinnar í Reykjaneshæð. Er það mögulega þeir sömu og þurfa að reida sig á fjárhagsaðstoð Reykjaneshæðar?

Sama er upp á teningnum í Reykjavík. Þeim fjölga mjög sem óska aðstoðar hjálparstofnana. Er það ásættanlegt að þeir sem þurfa að reida sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga neyðist til að standa í biðröðum hjá hjálparstofnunum svo fjölskyldur þeirra þurfi ekki að svelta? Er þetta velferðarsamfélagið Ísland?

Það þarf að endurskoða frá grunni lög nr. 40/1991 og setja inn ákvæði um lágmarksbætur. Nú eru þess sveitarfélögin sjálf sem ákveða upphæð fjárhagsaðstöðar sbr. 21. gr. Félagsmálanefnd metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr. Með lagabreytingu mætti til dæmis miða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við upphæð atvinnuleysisbóta hverju sinni. Einnig þarf í lögnum að takmarka verulega þau skerðingarákvæði sem sveitarfélög nýta sér í dag til að lækka bætur.

Staðan í þessum málum í dag er algjörlega óásættanleg. Ef sveitarfélög landsins treysta sér ekki til að veita þeim sem þess þurfa mann-sæmandi fjárhagsaðstoð verður að finna aðra lausn, mögulega með aðkomu ríkisins.

# Auðlindarentan og skipting hennar



**Lýður Árnason**  
læknir og  
kvikmynda-  
gerðar-  
maður



**Ólafur Ólafsson**  
fyrrv.  
landlæknir



**Þorvaldur Gylfason**  
hagfræði-  
prófessor



**Alþingi heldur nýju stjórnarskránni í gislingu m.a. til að þóknast útvegsmönnum sem vilja ekki að réttur eigandi, fólkíð í landinu, fái að njóta rentunnar af auðlind sinni í sjónum.**

af landsframleiðslu eins og Indriði H. Þorláksson fv. ríkisskattstjóri hefur lýst. Mat hans á fiskveiðirentunni rímar vel við mat Þjóðhagsstofnunar. Indriði bendir á að um 10% rentunnar falla réttum eiganda í skaut í gegnum veiðigjöld frá 2002. Afgangurinn, 90% af rentunni, rennur til útvegsmanna sem hegða sér, þótt fái sér, eins og ríki í ríkinu og leika á Alþingi eins og gítar.

Rentan af orkunni sem býr í iðrum landsins og vatnsföllum nemur um 1,5% til 2% af landsframleiðslu, sbr. samantekt Sigurðar Jóhannessonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Orkulindirnar hafa ekki dregið að sér sérhagsmunaseggi líkt og sjávarútvegurinn. Orkuverði til erlendra kaupenda er þó enn haldið leyndu fyrir eigandnum, fólkíðinu í landinu, þar eð stjórnvöld telja það ekki þola dagsbirtu.

Samanlagt verðmæti þessara helztu auðlinda þjóðarinnar til sjós og lands liggur skv. mati Indriða H. Þorlákssonar og Sigurðar Jóhannessonar á bilinu 67% til 90% af landsframleiðslu. Ef við förum bil beggja jafngildir mat þeirra um 20 m.kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.

Eftir því sem kjósendur gera sér gleggri grein fyrir auðlindarentunni og umfangi hennar eykst stuðningur almennings við réttláta skiptingu hennar. Engan þarf að undra stuðning 83% kjósenda við auðlindaákvæði nýju stjórnarskrárinnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Í þessu ljósi þarf að skoða tilraun Alþingis til að hafa arðinn af sjávarauðlindinni af réttum eiganda.

Auðlindarentu köllum við muninn á sölverðmæti náttúruafurða á heimsmarkaði og framleiðslukostnaði. Ef oliufarmur selst á eina milljón Bandaríkjadala en kostar ekki nema 100 þúsund dali í framleiðslu, þá er rentan 900 þúsund dalir. Rentan er iðulega margfalt meiri en framleiðslukostnaðurinn. Af þessu leiðir að ásókn í auðlindarentu er mikil.

Bandaríkin og Noregur voru rótgróin lýðræðisríki þegar olía fannst þar og urðu áleitinni rentusókn því ekki að bráð. Í Rússlandi stendur lýðræði höllum fæti m.a. vegna ásóknar óbilgjarnra manna í oliurentuna. Ísland sýnist vera á sömu leið. Hér er lýðræðið í upp-námi. Alþingi heldur nýju stjórnarskránni í gislingu m.a. til að þóknast útvegsmönnum sem vilja ekki að réttur eigandi, fólkíð í landinu, fái að njóta rentunnar af auðlind sinni í sjónum.

Íslendingar eiga tvær verðmætar sameignarauðlindir sem gefa af sér ríkulega rentu.

Sjávarrenta nemur um 2% til 3%

# Opið bréf til þingmanns



**Bjarki Bjarnason**  
bæjarfulltrúi VG  
í Mosfellsbæ

Þriðji kosturinn er sá verstí að minni hyggju og eðlilegt að almennings staldri við þegar þingmenn telja hann, líkt og þú hefur nú gert, því miður.

Þingmenn komast til valda sem frambjóðendur ákveðins stjórnsmálafls og það orkar mjög tvímælis þegar þeir nýta það brautargengi til að ganga öðrum stjórnsmálaflökki á hönd á því sama kjörtímabili.

## Út um gluggann

Mér finnst þessi ákvörðun þín mikil vanvirðing gagnvart kjósendum sem hafa stutt þig til valda og undarlegt að þú farir með það vald líkt og þína privateign. Virðist svo vera að þú metir eigin frama-  
vonir herra en trúnað við þá kjósendur sem lyftu þér til metorða.

Ég óska þér alls hins besta á nýjum brautum en verð þó að áréttá að með ákvörðun þinni ferðu langt yfir ákveðið strik í mínum huga. Orð líkt og „öflugur þingmaður“ og „viðsýn baráttukona fyrir mannréttindum“ missa nefnilega marks og fjúka út um gluggann þegar sá sami einstaklingur virðir ekki grundvallaratriði í mannlegum samskiptum.

**Verstí kosturinn valinn**  
Í íslenskri þingsögu hefur það gerst af og til að kjörnir fulltrúar segi sig úr þingflokki þegar þeir eiga ekki lengur samleið með honum af einhverjum ástæðum. Næstu spor þingmannanna eru íhugunarverð en þeir eiga þriggja kosta vól:

1. Að stíga skrefið til fulls og segja af sér þingmennsku.
2. Að starfa utan þingflokka sem óháðir þingmenn.
3. Að ganga í annan þingflokk.

Anna Lára Möller

Vonin

Ljóðabókin *Vonin* er tilfinningabomba!

Öll sölulaun af bókinni renna óskipt til hjartadeildar Landspítalans

# FRÉTTABLAÐIÐ

MIDVIKUDAGUR 23. DESEMBER 2020

## Jólin



Ólafía Hrönn leikkona fer ekki troðnar slóðir þegar kemur að jólaskrauti. Hún fönðrar mest allt sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Jólatré úr sushi-prjónum

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona, eða Lolla, eins og hún er oftast kölluð, er mikið jólabarn og hefur ánægju af öllu föndri. Hún notar einfalda hluti í jólaskrautið og endurnýtir þá á skemmtilegan og óvenjulegan hátt. ➔2

Fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið



Þú getur skráð þig á [frettabladid.is](http://frettabladid.is), á Facebook eða bara skannað QR kóðann

FRÉTTABLAÐIÐ

Framhald af forsiðu →

Matarást  
SjafnarSjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn@torg.is

Ólafía Hrönn hefur ánægju af því að fönndra en aðspurð segir hún að það sé voðalega misjafnt hvort hún fönndri eitthvað fyrir jólin. „Stundum er maður á kafi í vinnu, það er að segja ef maður tekur þátt í jólasýningunni hjá Þjóðleikhúsinu. Það er líka misjafnt hvað fönndurástriðan er sterk í mér. Ég hef órlítið verið að hekla jólakútur og get alveg gert það í vinnunni þegar verið er að greiða mér og farða, þá finnst mér voðalega gott að hafa eitthvað að gera.“

Klósettrúllur notaðar  
í diskamottur

Í ár voru serviettuhringir aðal jólaföndrið hjá Ólafíu Hrönn. „Ég sá fallega diskamottu í Byko, rauða og glansandi, svo jólalega. Ég fjárfesti í henni og klippti klósettrúllu eftir henni endilangri og límdu svo diskamottuna við og setti hringinn saman aftur en hafði hann minni. Eins gerði ég þetta án klósettrúllu, skreytti þetta með pakkaböndum á sumum en mér finnst líka fallegt að hafa þetta bara einfalt. Ég held að ég hafi fengið þarna 30 serviettuhringi fyrir 450 krónur. Ég er afar stolt að segja frá jólaskrautinu sem ég útbjó í ár, ég heklaði yfir krukku-lök og þá kemur þyngd í jóladjásnið og saumaði svo í með gylltu pakkabandi.“

Ólafía Hrönn segist ekki hafa haft mikið fyrir jólunum gegnum tíðina. „Ég geri þetta allt, en mér finnst þetta ekki svo mikið mál, það tekur enga stund að setja upp jólin. Adventukransinn er aðeins fjögur kubbakerti á bakka og svo set ég fallega jólahluti í miðjuna. Ég hef aldrei bakað fyrir jólin, kaupi deig og set inn í ofninn fyrir barnabörninn, þótt það sé bara til að fá jólakökulinn í hús.“

Ég er jafnframt afar stolt af heimatilbúna jólatrénu sem ég bjó til. Miðjan á því er pappírskrúlla sem kemur innan úr pappírskrúllu-



Jólaborðið með rauðum dúk og ýmsu handunnu skrauti.



Hér má sjá jólatréð í nærmynd. Heldur óvenjulegt.



Jólatréð er óvenjulegt en það er búíð til úr pappahólk og sushi-prjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það er ekkert verið að flækja málin.



Jólaökur á borðum hjá Lollu.



Jólaskrautið þarf ekki að vera flókið eins og sjá má hér.



Meira að segja rósirnar á jólaborðinu hefur Lolla fönndrað af snilld.

um. Greinarnar eru sushi-prjónar. Ég var eitt sinn á leikferð og leikhópurinn fór út að borða og fékk sér sushi og þá greip ég tækifærið og hirti alla sushi-prjónana, bingó, þá var komið jólatré. Þetta jólatré er sérstaklega sniðugt á milli hátíða því þá dreg ég alla prjónana úr og set í fallegan poka og kem því fyrir

inni í hólkinum. Alveg dýrðlegt,“ segir Ólafía Hrönn og ótrúlega hamingjusöm með útsjónarseminu í sér.

Skemmtiatriði  
besta jólagjöfin

„Mér finnst skemmtilegast að hitta í mark með jólagjöf, sjá bæði

undrun og þakklaeti í senn, það er afskaplega gaman og gefandi. Svo er náttúrulega ávallt skemmtilegast að sjá minnstu börnin taka þátt á jólunum, það er bara frábært skemmtiatriði.“

Ólafía Hrönn heldur fast í jólahéðir. „Ég fer ávallt í kirkju og börnin með, þó að eitthvað hafi verið um skróp síðustu ár. Mér finnst það hátíðlegt og síðan er maður orðinn glorsoltinn eftir messu og þá er notalegt að setjast til borðs. Ég sagði oft við krakkana mína að á jólunum eigi maður að haga sér vel og hugsa eins og Jesú, fyrirgefa og vera umburðarlyndur, draga fram þá kosti sem gott kristilegt uppeildi hefur kennt.“

Jólarauðkálið  
er stórmerkilegt

Ólafía Hrönn deilir tveimur uppskriftum með okkur sem henni finnst ótrúlega skemmtilegt að gera.

„Mér fannst alltaf svo merki-legt þegar ég heyrði að fólk var að útbúa sitt sérstaka jólarauðkál. Vá, svakalega er þetta myndarlegt fólk, hugsaði ég. Ég elska rauðkál og geri mitt rauðkál á svo einfaldan hátt að það er varla hægt að segja frá því. Fyrir ketó fólk þá er þetta sniðugt. Skera niður rauðkál og setja á pönnu þannig að það hylji alla pönnuna. Hella vatni yfir pönnuna, þannig að vatnsyfirborðið liggja í sömu hæð og rauðkálið og sjóða það þar til rauðkálið er búíð að drekka í sig vatnið. Næst sletti ég rauðvinsedikunni yfir, einum

til tveimur töppum. Að lokum strái ég einni til tveimur matskeiðum af steviusykri og hræri í þessu og bingó, tilbúið.“

## Brauð að hætti Lollu

100 g sólblómafræ

100 g graskersfræ

50 g brokkolí

4 egg

1 tsk. vinsteinslyftiduft

Byrjið á því að hita ofninn í 180°C með blæstri. Næsta skref er að setja sólblómafræ og 70 g af graskersfræjum í matvinnsluvél. Maukið eins vel og hægt er. Setjið brokkolíð út í ásamt maukinu og bætið eggjum út í. Hrærið vel og setjið síðan vinsteinslyftiduftið út í og eina teskeið af salti og hrærið stutt. Hellið síðan þessum 30 g af graskersfræjunum sem eftir eru yfir eða bætið í deigið eftir smekk, bæði fínt. Það má setja deigið í múffuform eða brauðform og setja síðan í ofninn og baka vel. Þið sjáið þegar brauðið er að byrja að brenna, þá er það tilbúið.

„Mér finnst alla jafna mjög gaman að elda en er ekki alveg eins fær í bakstri.“

Gleðileg jól.

## GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Opíð til 23 í kvöld

# FELDUR

V E R K S T Æ Ð I

Verslun | Snorrabraut 56, 105 Reykjavík | 588 0488 | Vefverslun á Feldur.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgafandi: Torg ehf  
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson  
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ivar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



# Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR  
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



---

**zonnic®** TAKTU STJÓRNINA!

---

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígarettu væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nýr Ford Transit 18 manna BUS. Tilbúinn með mæli og leiðsögukerfi. Langt langt undir listaverði. Verð m.v. hópferðaleyfi 4.790.000,- án vsk.

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Þjónusta

## Pípulagnir

### PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780  
prostone@prostone.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSASMIÐJAN  
LJÓSAHREIÐINGAR  
SLÁTTUMÉLAÞJÓNUSTAN  
Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

gefsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



NÝ SENDING!



Nitró - Urðarharvari 4 - 557 4848 - nitró.is

## Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM  
ÚT Á: GULL, DEMANTA,  
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fæðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opíð mán - fös 11-16,  
Skiopholt 27, 105

Uppýsingar í síma 782 8800

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS  
Sérgeymslur á mjög góðum  
verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



## Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitð liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitð og matsskýrslu Háafells ehf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

## ÚTBOÐ



## 21329 – TILBOÐ Í FULLNAÐAR- HÖNNUN Á BÍLAKJALLARA UNDIR SÓLEYJARTORGI

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir tilboðum í fullnaðarhönnun á bílakjallara undir Sóleyjartorgi sem verður hluti af nýjum Landspítala við Hringbraut í Reykjavík (sjá www.nlsh.is) og flokkast undir opinberar framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Hér er um að ræða almennt útboð, auglýst á evrópska efnahagssvæðinu (EES). Fyrirkomulag útboðs er að bjóðendur skulu annarsvegar skila inn upplýsingum um hæfi og hinsvegar tilboði í þóknun fyrir ráðgjafarstörf. Ekki verður greitt fyrir þátttöku í útboðinu. Tungumál útboðs þessa og alls verkefnisins er íslenska.

Tilboðum skal skila rafrænt inn á TendSign fyrir kl. 10:00 þann 9. febrúar 2021.

Nánari upplýsingar er að finna í rafrænu útboðskerfi Ríkiskaupa, <https://tendsign.is/>

Leiðbeiningar:  
[https://www.rikiskaup.is/is/innkaup\\_og\\_utbod/upp-lysingar-fyrir-bjodendur/skil-a-tilbodum-tendsign](https://www.rikiskaup.is/is/innkaup_og_utbod/upp-lysingar-fyrir-bjodendur/skil-a-tilbodum-tendsign)

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Kæru viðskiptavinir

Við sendum ykkur bestu óskir um gleðileg jól.  
Þökkum viðskiptin á árinu.

Megi komandi ár verða ykkur farsælt

...með kveðju frá starfsfólki

VERSLUNARTÆKNI  
www.verslun.is

geiri  
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur  
...hillukerfi

Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4 - Sími 5351300 - verslun@verslun.is

Taktik 5695#



MATUR OG HEIMILI  
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

mánudaga kl. 20.30

BONUS



HRINGBRAUT

# Nýtt og glæsilegt fjölbýlishús á leið í sölu í Lindarhverfi Kópavogi

FÁÐU FORGANG SENDU PÓST Á [GUDRUN@FASTLIND.IS](mailto:GUDRUN@FASTLIND.IS)

## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



Guðrún  
Antonsdóttir  
Lögg. fasteignasali

**621 2020**  
[guðrun@fastlind.is](mailto:guðrun@fastlind.is)



Heimir  
Hallgrímsson  
Lögg. fasteignasali  
Lögmaður

**849 0672**  
[heimir@fastlind.is](mailto:heimir@fastlind.is)



Hannes  
Steindórsson  
Lögg. fasteignasali

**699 5008**  
[hannes@fastlind.is](mailto:hannes@fastlind.is)

- › Stærðir frá 52 fm til 203 fm
- › Tveggja til fjögurra herbergja
- › Fullbúið án gólfefna, húsið klætt að utan
- › Afhending apríl 2021
- › 30 íbúðir undir 70 fm
- › Einstakar penthouse íbúðir



Allir kaupendur og seljendur fá  
**Vildarkort Lindar**  
sem veitir **30% afslátt**  
há eftirfarandi fyrirtækjum



LIND Fasteignasala  
**Uppspretta  
ánægjulegra  
viðskipta**

# TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

## Elís Jón Sæmundsson

Austurvegi 5, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 20. desember.

Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, þriðjudaginn 5. janúar kl. 13.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina.

### Sólveig Árnadóttir

Ólafur Ragnar Elisson  
Sæmundur Bjarni Elisson  
Karen Mjöll Elisdóttir  
Vilborg Elisdóttir  
Árni Sigurðsson  
Sigurlaug Sigurðardóttir  
Gunnar Sigurðsson  
Kristján Sigurðsson  
Viðar Smári Sigurðsson

Hrafnhildur Bjarnadóttir  
Kristinn Sigurður Jónsson  
Rúnar Þór Björgvinsson  
Ómar Björn Jensson  
Guðrún Stefánsdóttir  
Halldór Einarsson  
Anna Guðmundsdóttir  
Rannveig Böðvarsdóttir  
Sigurbjörg Erlingsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

